

## 4. Undanþágur.

Eftirfarandi undanþágur eru veittar frá lendingar- og stæðisgjöldum:

- 4.1 Loffför í sjúkraflugi eða leitar- og björgunarflugi.
- 4.2 Loffför, sem verða að snúa við til brottfararflugvallar vegna veðurs eða annarra orsaka.
- 4.3 Loffför í ætluunarflugi, sem lenda eftir að hafa farið í prófflug eftir viðgerð, enda hafi ekki verið lent á öðrum flugvelli.
- 4.4 Loffför, sem eingöngu flytja erlenda þjóðhöfðingja eða aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu Þjóðanna og fylgdarlið þeirra.
- 4.5 Loffför í eigu íslenska ríkisins eða eru rekin af því.
- 4.6 Að öðru leyti er flugvallarstjóra heimilt að fella niður lendingar- og stæðisgjöld, þegar sérstaklega stendur á.

## 5. Þjónustugjald.

- 5.1 Heimilt er að innheimta þjónustugjald af loffförum samkvæmt gjaldskrá staðfestri af utanríkisráðuneyti.
- 5.2 Sé þjónustugjald ekki innheimt af flugmálastjórn, skal það greitt til félags, sem hlotið hefur heimild flugmálastjórnar til að annast þjónustu við loffför.

## 6. Almenn ákvæði.

- 6.1 Þar sem getið er um þunga lofffars er átt við leyfilegan hámarksflugtaksþunga þess eins og hann er skráður í lofthæfisskírteinið.
- 6.2 Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu staðgreiddast. Þó skal flugvallarstjóra heimilt að veita allt að 60 daga greiðslufrest sé sérstaklega um það samið. Verði gjöld ekki greidd á gjalddaga er flugvallarstjóra heimilt að stöðva notkun lofffara hlutaðeigandi flugrekanda.

## 7. Gildistaka.

- 7.1 Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964, og tekur gildi 1. janúar 1978. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 97 14. febrúar 1977.

*Utanríkisráðuneytið, 23. desember 1977.*

**Einar Ágústsson.**

**Páll Ásg. Tryggvason.**

## G J A L D S K R Á

### Rafveitu Reyðarfjarðar.

#### 1. GJALDSKRÁRLIÐIR:

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði, sem hér segir.

#### I. GJALDSKRÁRLIÐIR

11. Fast gjald	.....	kr.	F1
Orkugjald	.....	—	50.00 á kWst.
12. Fast gjald	.....	—	F1 + F2
Orkugjald	.....	—	24.00 á kWst.

**2. Notkun til heimilisþarfa.**

21. Fast gjald	.....	kr.	F1 + F3
Orkugjald	.....	—	12.50 á kWst.

**3. Vélanotkun.**

31. Fast gjald	.....	kr.	F1 + F2
Orkugjald	.....	—	28.65 á kWst.
Lágmarksgjald	.....	—	18 × F1 á ári
32. Aflgjald lágmark 3 kW	.....	—	64 110.00 á ári
Aflgjald frá 3—5 kW	.....	—	20 950.00 kWst. á ári
Fast gjald	.....	—	F1 + F3
Orkugjald	.....	—	7.00 á kWst.
33. Aflgjald umfram 5 kW	.....	—	17 775.00 á kW á ári
Fast gjald	.....	—	F1 + F3
Orkugjald	.....	—	5.64 á kWst.
34. Til súgburrkunar.			
Fast gjald	.....	—	F1
Orkugjald	.....	—	7.06 á kWst.

**4. Húshitun.**

41. Fast gjald	.....	kr.	F1 + F4
Orkugjald	.....	—	10.10 á kWst.
Roftími allt að 1 klst. á dag.			
42. Fast gjald	.....	—	F1 + F4
Orkugjald	.....	—	4.30 á kWst.
Roftími allt að 3 klst. á dag.			
43. Fast gjald	.....	—	F1 + F4
Orkugjald	.....	—	2.25 á kWst.
Roftími allt að 15 klst. á dag.			

**5. Utanhússlýsing.**

51. Fast gjald	.....	kr.	F1
Orkugjald	.....	—	14.90 á kWst.

**Skilgreiningar og ýmis ákvæði.****Föst gjöld.**

F1.	.....	kr.	350.00 á mán.
F2. a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	.....	—	12 50 á m <sup>2</sup> á mán.
b) Gangar, geymslur o. þ. h.	.....	—	6.90 á m <sup>2</sup> á mán.
F3.	.....	—	111.00 á gjaldein. á mánuði

**Gjaldeiningar eru:**

- a) Fyrir fjölskylduheimili.  
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki ganga baðherbergi né geymslur.  
Herbergi 5 m<sup>2</sup> eða minna reiknast hálf, 25 m<sup>2</sup> eða stærra tvö.
- b) Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús o. þ. h. 20 m<sup>2</sup> mælt innan útveggja.
- c) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h., 30 m<sup>2</sup> fyrir vinnslurúm, 40 m<sup>2</sup> fyrir geymslurúm.
- d) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 m<sup>2</sup> eða minna, ein gjaldeining, hverja næstu 100 m<sup>2</sup> ein gjaldeining.

F4. Hvert uppsett kW	.....	kr.	1 494.00 á kW á ári.
----------------------	-------	-----	----------------------

**6. Hitun.**

*Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:*

- a) Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.
- b) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álag að dómi rafv.stjóra.
- c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki séu gerð samkvæmt fyrir mælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi. Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku með fasviksstuðul undir 0.8.

**II. OPNUNARGJÖLD**

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 3 000.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað og ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 1 600.00 á skrifstofu rafveitunnar.

**III. HEIMTAUGARGJÖLD**

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af hverri heimtaug ..... kr. 6 250.00

Auk grunngjalda skal greiða 10% af hverju þúsundi að kr. 500 000.00 og 5% af hverju þúsundi sem umfram er af brunabótamati húsa og mannvirkja.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsétningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínu meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en  $3 \times 70q$  skal húseigandi greiða kostnað af því sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtauginni eftir reikningi.

Söluskattur og verðjöfnunargjald er innifalið í öllum gjaldskrárlíðum nema raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 91 9. febrúar 1977.

*Iðnaðarráðuneytið, 20. desember 1977.*

**F. h. r.**

**Páll Flygenring.**

*Kristmundur Halldórsson.*

**REGLUGERÐ**

fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Stjórn, rekstur, söluskilmálar og almenn ákvæði.

1. gr.

**Markmið Rafmagnsveitunnar.**

Rafmagnsveita Reykjavíkur er fyrirtæki, sem Reykjavíkurborg á og starfrækir í þeim tilgangi að veita og selja raforku um orkuveitusvæðið.

Rafmagnsveitan skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki.